

55. stjórnarfundar Austurbrúar, haldinn miðvikudaginn 09. desember 2015

Fundargerð

Fundurinn haldinn í húsnæði Austurbrúar á Egilsstöðum kl. 14:00 – 17:00

Mættir stjórnarmenn: Gunnar Jónsson (GJ), Sveinn Jónsson (SJ), Sigrún Blöndal (SB), Berglind Häsler (BH), Sigrún Birna Björnsdóttir (SBB), Sæunn Stefánsdóttir (SS) – í fjarfundi, Gauti Jóhannesson (GJ) – varamaður.

Fjarverandi en afboðaði sig: Karl Lauritzson

Mættir starfsmenn: Jóna Árný Þórðardóttir (JÁÞ) sem ritaði fundargerð og Guðrún Áslaug Jónsdóttir (GÁJ)

Dagskrá:

1. Samþykkt síðustu fundargerða
2. Fjárhagsáætlun 2016
3. Önnur mál

Gunnar Jónsson setti fundinn og bauð alla velkomna.

1) Samþykkt síðustu fundargerðar

Samþykkt voru og undirritaðar fundargerðir nr. 53 og nr. 54.

2) Fjárhagsáætlun 2016

GJ fór yfir framgang áætlunargerðarinnar og þá stöðu sem uppi er við að ná saman fjárhagsáætlun ársins 2016 í ljósi áætlaðrar afkomu ársins 2015. JÁÐ fór yfir samantektir og gögn sem unnin hafa verið undanfarnar vikur sem lið í vinnu við fjárhagsáætlun. Meðal gagna sem farið er yfir er yfirlit yfir áætlaðan húsnæðiskostnað Austurbrúar. Af samanburði við sambærilegar stofnanir á landsvísi er Austurbrú með hlutfallslega mun hærri húsnæðiskostnað en gerist. Þar spilar inni dreifsetning stofnunarinnar og núverandi leigusamningar. GÁJ fór yfir fjárhagsáætlunarferlið. Starfsmenn er núna í samvinnu við yfirverkefnisstjóra að vinna verkáætlanir sem síðan verða dregnar saman í heildstæða áætlun fyrir stofnunina. Rætt um fjárhagsáætlunarvinnu og tímasetningar hennar. Aðilar eru sammála um að mikilvægt sé að áætlunarvinna sé tímanlega en horfa verður til þess að stofnunin er háð m.a. framlögum ríkis og þau liggja ekki ennþá fyrir á þessum tíma.

Markmið stjórnar í fjármálum stofnunarinnar og lausnir á eiginfjárvanda fyrr og nú ræddar og farið yfir framgang þeirra markmiða ásamt því að JÁÐ fór yfir mögulegar ráðstafanir, kosti þeirra og galla. Tekin umræða um mismunandi útfærslur. Framundan eru verulegar kostnaðarhækkanir m.a. í formi nýrra kjarasamninga. Launaþróun undanfarinna ára ásamt líklegri hækkun launa nú hefur stofnunin ekki fengið verðbætt í gegnum samninga. Vænt viðbótarfjármagn á fjárlögum mun laga stöðu stofnunarinnar en við 2. umræðu fjárlaga fyrir árið 2016 er gert ráð fyrir 25 milljón kr. í tímabundnu viðbótarframlagi sem háð er skilyrðum. Ekki hefur fengist viðurkenning á því sjónarmiði stofnunarinnar að hún sitji ekki við sama borð og aðrar sambærilegar stofnanir hvað varðar framlög til reksturs menntahluta hennar. Þá hafa umleitanir við hluta annarra samningsaðila um breytingu á framlögum til stofnunarinnar m.a. vegna aukins umfangs reglubundinna verkefna og verðlagsþróunar engu skilað. Farið var yfir verkefni stofnunarinnar sem tengjast markaðs- og atvinnumálum.

Í ljós umræðna samþykktir stjórn eftirfarandi vegna fjárhagsáætlunargerðar 2016. Verkefnum og vinnu á árinu 2016 verði forgangsraðað m.t.t. fjármögnunar einstakara verkefna. Vinnuframlag í einstök verkefni ræðst af því fé sem þeim fylgir. Ófjármögnuð verkefni verði aflögð. Framlegð einstakra verkefna þurfi að ná að lágmarki 5% framlegð. Rekstur ársins 2016 skili að lágmarki 5 % afgangi. Skuli það vera markmið fjárhagsáætlana hér eftir til að tryggja stofnuninni sterkan eiginfjárgrunn. Ný verkefni verði ekki hafin fyrir en þau eru fullfjármögnuð og skili markmiði um 5% framlegð. Áætlun ársins 2016 byggji á tekjum sem fyrir liggja en ekki væntum. Útgjöld skuli byggja á raunkostnaði ásamt nauðsynlegum verðbótum m.a. vegna launahækkana. Á næsta stjórnarfundum skuli liggja fyrir drög að bréfi til stofnaðila Austurbrúar þar sem gerð verður grein fyrir niðurstöðum áætlunargerðar 2016 ásamt ofangreindum markmiðum. Næsti fundur stjórnar verður haldinn 21. desember n.k. kl. 14:00 í húsnæði Austurbrúar á Reyðarfirði. Þar mun fjárhagsáætlun ársins 2016 verða afgreidd.

Framkvæmdastjóra og stjórnendateymi falið að leggja fram útfærða áætlun sem framfylgir markmiðum stjórnar og gera grein fyrir tillögum sínum til að ná settum markmiðum eigi síðar en 18. desember n.k.. Tillögur framkvæmdastjóra og stjórnenda til að ná markmiðum verða afgreiddar samhliða staðfestingu fjárhagsáætlunar.

3) Önnur mál

Ekki vannst tími til að taka fyrir önnur mál.

Fleira ekki tekið fyrir.
Fundur slitið kl. 17:00

Gunnar Jónsson

Sigrún Blöndal

Sveinn Jónsson

Berglind Häsler

Sigrún Birna Björnsdóttir

Sæunn Stefánsdóttir

Gauti Jóhannesson

